



Reykjavík 30.06.2022

Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 29. júní 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Elliðaárdalur

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Elliðaárdals. Í breytingunni felst að bætt er við tengistíg frá Rafstöðvarvegi 1A (jarðhús ofan Ártúnsbrekku) og til suðurs að núverandi stofnstíg sunnan aðkomuvegar að Rafstöðvarvegi 1A, samkvæmt uppdr. Landslags dags. 1. júní 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.


Visað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.


F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Fylgiskjal: uppdr. dags. 1. júní 2022.



Gildandi deiliskipulag



Breyting á deiliskipulagi

Elliðaárdalur - deiliskipulag

Breyting á deiliskipulagi - tengistígur að jarðhúsi

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

Deiliskipulagsbreyting þessi felst í því að bætt er við tengistíg frá Rafstöðvarvegi 1A (jarðhús ofan Ártúnsbrekku) og til suðurs að núverandi stofnstíg sunnan aðkomuvegar að Rafstöðvarvegi 1A.

Breytingin er til að bæta aðgengi gangandi að og frá Rafstöðvarvegi 1A.

Svæðið sem breytingin nær til er innan bújarðar Ártúns sem er undir hverfisvernd vegna umhverfislegar sérstöðu.

Skv. skilmálum gildandi deiliskipulags er með öllu óheimilt að ráðast í framkvæmdir á svæðum undir hverfisvernd nema að undangengnu samráði við Minjastofnun Íslands.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags Elliðaárdals sem öðlaðist gildi þann 28. apríl 2021 m.s.br.

Umhverfisáhrif



Breytingin er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag og útivist á svæðinu þar sem verið er að bæta aðgengi gangandi um skipulagssvæðið.

Samræmi við aðrar áætlanir

Breytingin er í samræmi við Aðalskipulags Reykjavíkur 2040.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____



HLUTI AÐALSKIPULAGS REYKJAVÍKUR 2040
Rauður hringur sýnir staðsetningu breytingar

	Deiliskipulagsmörk
	Lóðarmörk
	Byggingar
	Vikiðandi byggingar
	Friðlýstar byggingar
	Byggingarreitur
	Götur og bílastæði
	Samrými hjólandi og akandi
	Reiðstígur/veiðislóði
	Brú
	Undirgöng
	Hjólastígar
	Stofnstígar
	Tengistígar
	Náttúrastígar
	Aningastaður / fræðsla
	Hestagerði
	Ofanvatnslaut
	Gróður
	Nútíma hraun
	Hverfisvernd samstæðra húsa og heilda.
	Hverfisvernd
	Friðlýst svæði
	Minjar - verndarsvæði
	Minjar
	Frisbigolfvöllur
	Þjónustuvegur

REYKJAVÍKURBORG - ELLIÐAÁRDALUR
BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA
SKIPULAGSUPPDRATTUR - NORÐURHLUTI

TEIKN NR:		HANNAD:	PH/GRG/Ó
KVARDI-A2:	1:2500	TEIKNAD:	ER/GRG/Ó
DAGS:	01.06.2022	VERKNR:	22113

